

## Tillaga til þingsályktunar

um að Sjúkrahúsinu á Akureyri verði gert kleift að framkvæma hjartaþræðingar.

Flm.: Logi Einarsson, Dagbjört Hákonardóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Oddný G. Harðardóttir, Ásmundur Friðriksson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Bergþór Ólason, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Gísli Rafn Ólafsson, Inga Sæland, Ingibjörg Isaksen, Jakob Frímann Magnússon, Jódís Skúladóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Óli Björn Kárason, Njáll Trausti Friðbertsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Stefán Vagn Stefánsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja þegar í stað vinnu við að gera Sjúkrahúsinu á Akureyri kleift að framkvæma hjartaþræðingar.

### Greinargerð.

Eitt af markmiðum í framtíðarsýn Sjúkrahússins á Akureyri til ársins 2021 var að taka upp hjartaþræðingar við sjúkrahúsið. Árið 2018 var sjúkrahúsinu færður styrkur til þess að kanna fýsileika þessa og ári síðar voru niðurstöður fýsileikakönnunarinnar gefnar út í skýrslu sem unnin var af sænska heilbrigðisráðgjafarfyrirtækinu Sirona Health Solutions. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru að ákjósanlegt væri að taka upp hjartaþræðingar við sjúkrahúsið. Það myndi auka jöfnuð og aðgengi að meðferðum við hjartasjúkdómum á Íslandi og styrkja heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi en nauðsynlegt væri að tryggja samstarf við Landspítala og erlent hátækni sjúkrahús til að tryggja gæði meðferðar. Aðstaða til hjartaþræðinga á sjúkrahúsinu myndi jafnframt auka getu þess sem varasjúkrahúss á Íslandi. Skýrslan var kynnt fyrir ráðuneytinu haustið 2019 en engin formleg viðbrögð bárust við skýrslunni frá ráðuneytinu. Í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru var verkefnið lagt til hliðar, þrátt fyrir margvísleg rök fyrir því að taka upp hjartaþræðingar á sjúkrahúsinu.

Verði hjartaþræðingar teknar upp á Sjúkrahúsinu á Akureyri má leiða líkur að því að þörf fyrir sjúkraflug minnki talsvert sem og sá kostnaður sem fellur til vegna ferða- og dvalarkostnaðar sjúklings og aðstandenda sem í mörgum tilvikum fellur a.m.k. að hluta til á einstaklingana sjálfa. Leiða má líkur að því að íbúar á upptökusvæðinu kæmust mun fyrr í hjartaþræðingu sem auka mun batalíkur til muna og lífsgæði sjúklings og þannig mætti lækka afleiddan kostnað einstaklinga og ríkis í kjölfar hjartaáfalls. Þá eru aðgerðir af þessu tagi sem fram fara utan Reykjavíkur liður í að auka lífsgæði fleiri landsmanna og færa heilbrigðisþjónustuna nær því að jafna aðstöðu allra landsmanna, líkt og kveður á um í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja að mikilvægt sé að hefja undirbúning að því að gera Sjúkrahúsinu á Akureyri kleift að framkvæma hjartaþræðingar.